

Sp.

848. Þingsályktun

[140. mál]

um gerð hagrænna landabréfa í þágu atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Sp. 12. apríl.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja á þessu ári úr ríkissjóði allt að 30 þús. kr. til þess að afla upplýsinga um fiskimiðin umhverfis landið og láta að því loknu gera og gefa út fiskikort til afnota fyrir íslenska fiskimenn; enn fremur að láta fara fram athugun á því, hvaða kostnað það mundi hafa í för með sér að gera hagræn landabréf af Íslandi í því skyni að auðvelda ráðstafanir til sköpunar jafnvægis í byggð landsins.